

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 REYKJAVÍK

17. mars 2002

Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa borist lagafrumvörp til umsagnar:

X *A. Um gróðurvinjar á hálendinu (breyting á náttúruverndarlögum)*  
Stjórn SUNN lítur svo á að hér sé um gott mál að ræða.

*B. Um náttúrustofur og gjaldtöku (breyting á lögum nr 60/1992)*

Í þessu frumvarpi felast allmörg nýmæli en stjórn SUNN hefur þó einkum fjallað náttúrustofur sem gert er ráð fyrir að geti tekið að sér eftirlit með náttúru landsins skv. samningi sveitarfélaga, sem reka náttúrustofuna, og Náttúruverndar ríkisins. Ennfremur er gert ráð fyrir heimild til að stofnsetja tvær nýjar náttúrustofur, aðra á Norðausturlandi. (Þingskjal: [www.althingi.is/altext/127s/0818.html](http://www.althingi.is/altext/127s/0818.html))

Ef náttúrustofum verða í auknum mæli falin eftirlits- og fræðslustörf landvarða þarf eftir sem áður að tryggja vandaðan undirbúning þeirra sem þessi störf vinna. Stjórn SUNN hefur ekki borið saman ákvæði um landverði og landvörslu í náttúruverndarlögum og ákvæði í því frumvarpi sem hér um ræðir, en telur nauðsynlegt að huga að menntun landvarða, t.d. með skýrri reglugerð um efnið og námskrá sem fara verður eftir við menntun þeirra sem taka að sér störf hjá náttúrustofum. Einnig verður að vera skýr rammi utan um eftirlit með framkvæmd slíkra samninga þannig að öruggt sé að skammtímasjónarmið ráði ekki ferðinni.

Stjórn SUNN sér ekki beinlínis ástæðu til að takmarka fjölda náttúrustofa. Stjórn SUNN telur eðlilegt að athugað verði hvort staðsetning náttúrustofa við þjóðgarða (Skaftafell, Snæfellsjökul) eða náttúruverndarsvæði (Mývatnssveit) geti eftt bæði almenna starfsemi náttúrustofu og starfsemi viðkomandi þjóðgarðs, náttúruverndarsvæðis eða friðlands, t.d. í formi gestastofu sem opin yrði árið um kring. Öflugar náttúrustofur tengdar gestastofum verða með þessum hætti virk byggðastefna, og því ekki rétt að takmarka fjölda þeirra svo mikið (við átta, þ.e. tvær nýjar).

Stjórn SUNN telur einnig að hæpið sé að náttúrustofa á vegum sveitarfélaga sé nægileg vegna þjóðgarða og náttúruverndarsvæða á borð við Mývatnssveit. Þar þarf aukið fjármagn ríkissjóðs að koma til en einnig getur verið hæpið að varpa allri ábyrgð á hendur mismunandi burðugum sveitarfélögum. Stjórn SUNN bendir á að friðlýst náttúruverðmæti eru ekki bara „eign“ heimamanna, heldur og þjóðarinnar og raunar mannkyns alls. Alþingi þarf t.d. að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga.

Virðingarfyllt

F.h. SUNN



Ingólfur Asgeir Jóhannesson, formaður